



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð Skólanefnd

24.fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla fimmtudaginn 8.maí kl.15:30.

Mætt voru: Þuríður Helgadóttir formaður, Þórhalla Valgeirsdóttir, Friðrik Jakobsson, Eyþór Pétursson og Sigurður Böðvarsson. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla og Tónlistarskóla, Hólmfríður Jónsdóttir fulltrúi kennara sátu lið 2, Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúi foreldra sat lið 2 ,3.og 4. Þóra Ottósdóttir sat lið 3.

- 1. Fundarsetning.** Formaður setu fund og tekur að sér að rita fundargerð.
- 2. Reykjahlíðarskóli / Tónlistarskólinn** Allt samþykkt sem beðið var um fyrir næsta vetur fyrir Reykjahlíðarskóla.
Boðað hefur verið til verkfalls í þrjá daga næstu vikur.
Skólaferðalag verður farið til Vestmannaeyja í lok maí.
Kennarar skólans fóru á starfsdegi rétt fyrir páska í Naustaskóla að kynna sér „Jákvæðan aga“. Skoða má stefnuna inn á heimasíðu Naustaskóla. Mikill áhugi er að taka inn þessa stefnu í skólanum.
8 nemendur hafa sótt um í forskráningu í tónlistarskólann fyrir næsta skólaár. Stefnt er að því að einn nemandi útskrifist með grunnpróf í söng nú í vor. Skólanefnd leggur til að leitað verði eftir samstarfi við Tónlistarskólann í Þingeyjarsveit með tónlistarkennslu næsta vetur.
- 3. Leikskólinn Ylur** Karen Ósk Sigurðardóttir og Sigríður Guðjónsdóttir verða í afleysingum í sumar. Lokað verður fyrstu 2 vikurnar í júlí. Nokkuð jöfn skipti eru á sumarleyfum barnanna vikurnar þar á undan og eftir.
- 4. Önnur mál** skólanefnd leggur til að sveitarstjórn kanni það í samráði við skólastjóra hvort ekki sé hægt að kaupa spjaldtölvur eða rafbækur sem yrðu eign skólans og nemendum til afnota.

Fleira ekki gert og fundi slitið.